

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1174**  
**komudagur 28. 2. 2006**

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 25. febrúar 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsóknna hf.**

Rannsóknþjónustan ProMat ehf gerir hvorki athugasemdir við að sameinaðar verði í eina stofnun allar rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem stunda matvælarannsóknir né á hvaða formi slík stofnun yrði rekin. ProMat lætur sig það hins vegar varða að ætla má að hin nýja, ríkisstyrkta stofnun muni verða í beinni samkeppni við einkarekin fyrirtæki sem sinna þjónusturannsóknum fyrir matvælaiðnaðinn.

Í 7. grein frumvarpsins segir:

“Matvælarannsóknnum hf. er skylt að halda upp tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsóknna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.”


Á það er bent að það er ekki réttlætanlegt að kosta öryggisþjónustu á sviði matvælarannsóknna með niðurgreiðslu á reglubundnum þjónustumælingum fyrir heilbrigðiseftirlitið, matvælaiðnaðinn eða aðra sem á slíkri þjónustu þurfa að halda. Hér er um að ræða þjónusturannsóknir sem ekki er réttlátt annað en að bjóða út á meðal einkafyrirtækjanna sem starfandi eru á þessu sviði í landinu. Styrkir ríkisins til Rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar veikja samkeppnismöguleika einkarekinna mælingastofa sem ekki njóta sömu styrkja. ProMat hefur leitast við að veita Heilbrigðiseftirliti Norðurlands bæði vestra og eystra þjónustu við mælingar á reglubundnum sýnum þessarra eftirlitsaðila. Niðurgreiðsla til Rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar og þá einnig hinnar nýju stofnunar Matvælarannsóknna útilokar þá eðlilegu og nærliggjandi þjónustu þegar til lengri tíma er litið.

Á bls. 11 er fjallað um þann ávinning sem hlýst af sameiningu stofnana en vakin er athygli á að áður en lagt er úti sameiningu og fyrirtækja og stofnana liggja alltaf fyrir áætlanir um fjárhagslegan og annan ávinning af samrunanum. Reynslan sýnir hins vegar að ávinningurinn er oft ofmetinn og erfiðleikarnir við sameininguna vanmetnir að sama skapi og oft tekur ferillinn miklu legnri tíma en upphaflega var lagt af stað með. Það skal þó tekið fram að ekki er spáð neinu sérstaklega illu í tengslum við þessa sameiningu en vert er að hafa þetta hugfast.

Á bls. 12 er fjallað um samkeppni á sviði matvælarannsóknna. Þar er fullyrt að Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. starfræki einu einkareknu prófunarstofuna á þessu sviði sem fengið hefur vottun. Þetta er ekki rétt þar ProMat hefur haft vottun frá upphafi auk þess sem ein önnur einkarekin rannsóknastofa á landinu hefur það líka.

Virðingarfyllt.

f.h. Rannsóknarþjónustunnar ProMats ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Jón Jóhannesson', written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Jón Jóhannesson,

framkvæmdastjóri